

Forstöðumaður tæknideildar
Snæfellsbær
Snæfellsási 2
360 Snæfellsbær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 12. janúar 2016
UST201601-085/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulag á svæði hótél Búða.

Vísað er til erindis forstöðumanns tæknideildar Snæfellsbæjar er barst 12. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að lýsingu deiliskipulags hótél Búða. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við drögin:

Forsendur

Í umfjöllun um staðsetningu nýrra rýma sem áætluð eru við stækkun hótelsins segir: „Á þessu svæði var gamla hótelið staðsett og teljum við þau rök vera nægileg til þess að fá að byggja stækkun að hluta á þessu svæði. Fordæmi eru fyrir því t.d. á Hornströndum að þar hafi verið veitt leyfi fyrir því að byggja upp hús á grunnnum sem þegar eru til staðar.“

Umhverfisstofnun bendir á að ef framkvæmdir eru áætlaðar innan 50 m frá strönd þá uppfyllir áætlunin ekki skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Stofnunin bendir á að ákvæði reglugerðarinnar ganga jafnt yfir alla. Stofnunin telur samiburð við Hornstrandarfriðland ekki eiga við, og að það eigi að fjarlægja þann hlut textans.

Síðan segir enn fremur í lýsingu: „Einnig verður að hugsa til þess að hótelið þarf að hafa ákveðið yfirbragð sem sé markvisst, að ekki séu þvingaðar aðgerðir bara til þess að uppfylla reglu sem er án sveigjanleika“.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða reglu án sveigjanleika heldur ákvæði í reglugerð er kveður á um að ekki skuli framkvæma nær ám, sjó og vötnum en 50 metrar. Að mati stofnunarinnar á ofangreindur texti ekki við í lýsingu. Umhverfisstofnun bendir á að um er að ræða eftirfarandi ákvæði í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 í gr. 5.3.2.14. Skipulag við vötn, ár og sjó. En þar segir :

„Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“

Umhverfisstofnun bendir á að ofangreint er ákvæði í reglugerð sem gildir jafnt yfir alla. Einnig bendir stofnunin á að áætlaðar breytingar eru leyfisskildar hjá Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun bendir á að hafnarmannvirki eru samgöngumannvirki svo ofangreind grein í skipulagsreglugerð gildir ekki um þau.


Umhverfisstofnun bendir einnig á að núverandi hótél var ekki byggt skv. deiliskipulagi þar sem deiliskipulag af svæðinu er ekki til.


Lög um náttúruvernd

Umhverfisstofnun bendir á að lög um náttúruvernd nr. 60/2013 hafa tekið gildi. Í kafla XII í lögnum þar sem fjallað er um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira kemur eftirfarandi fram: „Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefnda.“ Þar af leiðandi ber að fá umsögn hjá Náttúrufræðistofnun um ofangreint erindi

Umhverfisstofnun óskar eftir að fá lýsingu ofangreindrar áætlunar til umsagnar þótt hér sé gefin um sögn um drög að lýsingu.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri